

SÍM fundur 6. nóvember, 2023 kl. 16:00 - 17:12

Fundur á ZOOM



Mætt voru: Anna Eyjólfsdóttir, Hlynur Helgason, Pétur Thomsen, Freyja Eilíf, Ingibjörg Gunnlaugsdóttir. Lísa, Þóra Karlsdóttir, Soffía Sæmundsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir. Freyja Eilíf ritar fundinn.

1. Launamál og starfslýsingar

Ingibjörg fer fram á laun vegna 20% stöðu sem framkvæmdarstjóri SÍM upp á 300.000 krónur á mánuði aftur í tímann. Ákveðið að fresta þessu máli þar til frekari gögn eru til skoðunar og að stjórnin fundi um þetta mál í persónu án skrifstofu starfsmanna. .

2. Aðalfundur SÍM

3. Kaup á skrifstofuhúsgögn um skjávarpa

Lísa kynnir. SÍM hefur haft samband við Lúxor um að kaupa þrjú skjávarpa. Stjórnarmenn spyrja hvort nauðsynlegt sé að kaupa þrjú en ekki tvo og hvort rekstrarfélagið kaupir ekki þá ekki fyrir gestavinnustofurnar. Sími greiði helming og rekstrarfélag helming. Svarið er að mikilvægt sé að það sé einn á hverjum stað, fyrir gestavinnustofur og sýningar, Korpúlfsstöðum. Að möguleiki á því að leigja varpana út til félagsmanna. Séu til þrjár, þá er alltaf til einn auka til útleigu til listamanna sem sýna hjá SÍM, en ekki til að leigja út úr húsinu. Samþykkt af stjórnarmönnum en stungið upp á að innnkoma af útleigu sé nýtt til rekstrar á skjávörpum SÍM.

Anna Eyjólfsdóttir kynnir kaup á nýjum skrifstofuhúsgögnum. Ekki á hreinu hvað sé keypt hvar, heldur að það verði skoðað hjá Efnisveitunni t.d. Lísa segir að það vanti nýja skápa, hillur og skrifborð. Samþykkt af stjórn.

4. Niðurfelling afsláttá vegna vinnustofa fagfélaga

Anna Eyjólfsdóttir kynnir. Leirlistafélagið og textílfélagið hafa bæði verið með vinnustofur upp á Korpúlfsstöðum. Fyrir mörgum árum var samþykkt að þau fengju afslátt á leigunni. Var gert til þess að styðja við félögin. En nýtingin á þessu húsnæði hefur verið mjög léleg. Leirlistafélagið er að íhuga að framleigja rýmið til fimm félaga. Stungið upp á að félögin greiði þá sömu leigu fyrir fermeterinn. Stungið upp á að segja samningnum við þau upp. Samþykkt.

5. Frumvarp vegna niðurfellingar Heiðurslauna

Stungið upp á að SÍM hittist til að útbúa umsögn með tillögu að kerfi þar sem fagmenn úthluta heiðurslaunum í gegnum Listamannalaunasjóð. Hlynur og Pétur taka að sér að skrifa umsögn saman. Samþykkt.